# DEILISKIPULAG KA SVÆÐIS - LUNDARSKÓLA - LUNDARSELS

## GILDANDI DEILISKIPULAG, 1:2000@A3




HLUTI ÚR GILDANDI DEILISKIPULAGI KA SVÆÐIS - LUNDARSKÓLA - LUNDARSELS, 1:2000@A3

## BREYTINGATILLAGA DEILISKIPULAGS, 1:2000@A3




BREYTINGATILLAGA DEILISKIPULAGS KA SVÆÐIS, 1:2000@A3

AÐALSKIPULAG AKUREYRAR 2018-2030, 1:40000@A3



### MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGARþ

Deiliskipulagsbreyting þessi nær einungis til íþrótta- og æfingasvæðis KA. Svæðið afmarkast af Þingvallastræti til norðurs, göngustíg austan Hrísalundar að vestan, göngustíg við Lundarskóla að sunnan og Dalsbraut að austan.

### MARKMIÐ DEILISKIPULAGSBREYTINGAR:

Markmið með skipulagsbreytingunni er tvíþætt.

Í fyrsta lagi að snúa núverandi byggingarreitum fyrir knattspyrnuvöll og áhorfendastúku um 90° þannig að þau snú norður-suður með áhorfendastúkuna við austurhlið knattspyrnuvallarins.

Í öðru lagi að bæta við nýjum byggingarreit fyrir byggingu sem tengir saman áhorfendastúku frá vestri við núverandi íþróttahús KA til austurs. Með því yrði mögulegt að tengja saman til framtíðar alla starfsemi félagsins í einni samfelldri byggingu.

### SKILMÁLAR BYGGINGARREITA:

**A - Skilmálar byggingarreits áhorfendastúku:** Um er að ræða stúku fyrir allt að 1000 manns í sæti ásamt aðstöðu fyrir blaðamenn, miðasölu, veitingasölu snyrtingar og áhaldageymslur. Leyfilegt er að byggja kjallara undir stúkuna. Stúkan verði með þaki.

- Grunnflötur byggingarreits er 71x18m (LxB) , samtals 1278m²
- Heildarbyggingarmagn áhorfendastúku er 2900m². B-rýmishluti áhorfendastúkunnar eða útirými undir þaki eða skyggni eru þá talin til heildarbyggingarmagns.
    - Kjallari A-rými = 100m²
    - 1.hæð A-rými = 1000m²
    - 2.hæð A-rými = 300m²
    - 3.hæð A-rými = 100m²
    - B-rými = 1400m²
- Hámarks hæð mannvirkis frá jörðu er 13,0m yfir hæð íþróttavallar.

**B - Skilmálar byggingarreits tengibyggingar:** Um er að ræða tengibyggingu sem hýsir anddyri/móttöku, skrifstofur, fundarherbergi, æfingarými, búningsklefa og tengd rými.

- Heildarbyggingarmagn tengibyggingar er 2000m² á tveimur hæðum, 1.-2.hæð.
- Hámarks þakhæð/vegghæð er 8,5m yfir jarðhæð.
- Leyfilegt verði að lyftuhús fari upp fyrir hámarksvegghæð.
- Þakform er flatt eða einhalla, 0-10°

**C - Skilmálar byggingarreits sjónvarpsupptökuhúss:** Um er að ræða 2.hæða byggingu við vesturhlið íþróttavallar ætlað fyrir myndavélar og upptökubúnað vegna sjónvarpsupptöku á leikdegi.

- Grunnflötur byggingarreits er 8x4m (LxB) , samtals 32.0m²
- Hámarks þakhæð er 5,6m yfir jarðhæð
- Leyfilegt er að reisa handrið upp úr þakhæð og einnig léttbyggt þakskýli og vindskjól.

**D - Markatafla:** Um er að ræða byggingarreit fyrir markatöflu. Markataflan yrði að hámarki 5,0m að hæð.

### Flóðlýsing - ljósamöstur

Flóðlýsingu fyrir keppnisvöll er bætt inn á uppdrátt. Um er að ræða fjögur ljósamöstur með LED lýsingu sem eru að hámarki í 27m hæð frá jörð, með 11 flóðljósum á hverju mastri. Möstrin eru staðsett á úthornum öryggissvæðis keppnisvallar. Byggingarreitir fyrir hvert mastur eru 4x4m að stærð. Miðað skal við að lýsing verði ekki í notkun yfir sumartímabil sem miðast við 2. apríl-15. ágúst. Ljós skulu slökkt ekki síðar en kl 22:00 á virkum dögum en fyrr ef völlur er ekki í notkun. LED flóðlýsing veitir góða afskermingu og auðvelt er að stýra henni og þar með er minni sjónmengun af henni en hefðbundinni lýsingu.

Þar sem ljósamöstrin (allt að 27m) ganga upp fyrir hindrunarflöt Akureyrarflugvallar (18m) er það skilyrði sett að á topp ljósamastranna verði sett rauð hindrunarljós í samræmi við flugvallarreglugerð 464/2007. Hindrunarljósin skulu loga allan sólarhringinn og vera tengd þannig að ekki verði slökkt á þeim af vangá. heimilt er að setja hvítt leiðsöguljós á eitt ljósamastranna en því ljósi verður beint uppávið í átt að flugvélum og aðeins notað við erfið aðflugsskilyrði.

### Bílastæði

Skv. gildandi skipulagi eru bílastæði norðan og austan við félagsheimili og íþróttahús alls 69 talsins (skv. síðari breytingu). Í tillögu þessari er gert ráð fyrir fjölgun bílastæða meðfram Þingvallastræti að norðan um alls 46 bílastæði og einnig að núverandi innkeyrsla að svæðinu frá Dalsbraut færist norðar um allt að 30m

Að öðru leyti gilda eldri skilmálar deiliskipulags fyrir svæðið.

Samantekt breytinga:

- Heildarbyggingarmagn stúku (reit A) lækkar úr 3206m² í 2900m²
- Hámarkshæð stúku hækkar úr 9,5 í 13,0m
- Heildarfjöldi hæða í stúkubyggingu eru hækkaður í 3 hæðir
- Byggingarreitur B breikkar til suðurs um 4,0m úr 19m í 23m
- Kvaðir um frágang ljósamastra eru settar inn vegna ákvæða í flugvallarreglugerð
- Vallarstæði nýs aðalvallar er fært til suðurs um 10m til að vernda trjágróður meðfram Þingvallastræti og þá færast byggingarreitir fyrir ljósamöstur til samræmis
- Byggingarreitur fyrir sjónvarpsupptökuhús færist lítillega til suðurs og vesturs.
- Hækkun ljósamastra úr 25m í 27m frá yfirborði vallar.




A - KENNISNIÐ ÁHORFENDASTÚKU, 1:500@A3




C - KENNISNIÐ SJÓNVARPSUPPTÖKUHÚSS, 1:500@A3




B - KENNISNIÐ TENGIBYGGINGAR, 1:500@A3




D - KENNISNIÐ MARKATÖFLU, 1:500@A3

### SKÝRINGAR Á BREYTINGAUPPDRÆTTI:

- MÖRK DEILISKIPULAGSBREYTINGAR
- LÓÐARMÖRK
- NÚVERANDI BYGGINGAR
- FÆRANLEGAR KENNSLUSTOFUR SEM VÍKJA
- BYGGINGARREITIR
  A= ÁHORFENDASTÚKA
  C= SJÓNVARPSUPPTÖKUHÚS
  D= MARKATAFLA
  E= LUNDARSKÓLI 4.ÁFANGI
- BYGGINGARREITUR TENGIBYGGINGAR B
- BYGGINGARREITIR LJÓSAMASTRA
- BINDANDI BYGGINGARLÍNA
- ÍÞRÓTTASVÆÐI KA
- LÓÐ LUNDARSKÓLA
- LÓÐ LEISKÓLANS LUNDARSELS
- GÖTUR
- GÖNGU- OG HJÓLREIÐASTÍGAR / STÉTTAR
- BÍLASTÆÐI / FJÖLDI STÆÐA
- TRJÁGRÓÐUR
- LÓÐARSTÆRÐ
- GIRÐING
- NÚVERANDI LAGNIR, OFANVATN
- BREYTT LEGA LAGNA, OFANVATN
- LAGNIR, SKOLP

| Heildarstærð | Fjöldi hæða |
|---|---|
| Hámarkshæð | |

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr 123/2010 var samþykkt í/á

________________________________ þann

____________ 20____.

Tillagan var auglýst frá ___________ 20____ með athugasemdafresti til _________ 20____ .

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____________ 20____.

____________________________

| | | |
|---|---|---|
| KA SVÆÐI | VERK: | 06_20_031 |
| DEILISKIPULAGSBREYTING | KVARÐI: | 1:1000 |
| | DAGS: | 25.10.2022 |
| NÚVERANDI SKIPULAG | TEIKN: | IFG |
| BREYTT SKIPULAG | SKRÁ: | |


KOLLGÁTA
Kaupvangsstræti 29, 600 Akureyri
Sími/Fax: 464 7880 - 464 7889
Netfang: kollgata@kollgata.is


001